

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar		
	Sjötti fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
11. apríl 2013	(08:10 – 10:00)	Skólastjóraskrifstofa, Hjalla	6
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Guðm.	Sigrún B.	2

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Össur Geirsson, Guðrún Kara Valgarðsdóttir og Anna Björg Friðriksdóttir.
Mættir voru:
Allir nema Anna Björg en varamaður kom í hennar stað sem er Drin Bujupi
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> 1. Ytra mat 2. Skólapúlsinn 3. Stefnumótunardagurinn 4. Áætlun um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár 5. Úthlutun úr endurmenntunarsjóði 6. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Ytra mat.	Álfhólsskóli var valinn einn af þremur grunnskólum af Samband íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytið til að taka þátt í ytra mati. Námsmatsstofnun sér um úttektina sem verður í næstu viku dagana 15. -19. apríl. Þóra Björk Jónsdóttir og Hanna Hjartardóttir sjá um matið og verða rýnihópar starfandi í næstu viku. Þrír þættir verða skoðaðir, stjórnun, nám og kennsla og vinnubrögð við innra mat. Vonast er eftir ítarlegu mati á skólanum.
2. Skólapúlsinn.	Niðurstöður úr Skólapúlsinum eru settar á heimsíðu skólans undir mat á skólastarfi. Rætt um foreldrakönnun sem var nýlokið.
3. Stefnumótunardagurinn.	Hugmyndir að skipulagningu á stefnumótunardegi sem verður laugardaginn 4. maí. Hvernig og með hvaða hætti geta foreldrar komið meira að skólastarfi. Samskipti heimila og skóla. Hvernig er hægt að virkja foreldra til samstarfs. Hugmyndir um hverja sé hægt að fá til að vera með innlegg og var ákveðið að reyna að fá Guðna Olgeirsson frá Menntamálaráðuneytinu. Nú er komin reglugerð um ábyrgð og skyldur foreldra og var áhugi fundarmanna mikill að leggja áherslu á þennan þátt. Horfa á samskipti heimila og skóla. Fundarmenn sammála um að erfitt sé orðið að fá foreldra til að mæta. Hvað eigum við að gera til að bregðast við því?
4. Áætlun um innleiðingu aðalnámskrár.	Sigrún lagði fram og fór yfir vinnuþegg þar sem farið er ítarlega yfir hvernig staðið verður að innleiðingu á nýrri aðalnámskrá í skólanum. Ákveðin verkefni eru lögð fyrir sem kennarahópar vinna og skila af sér. Farið verður yfir hvað við þurfum að efla. Leiðir að nýju námsmati. Á skipulagsdegi 10. júní er stefnt að því að kennarar vinni að því að koma sér saman um forgangslista. Grunnþættirnir þurfa að birtast í öllu skólastarfi. Þetta er lifandi þegg meðan við erum að þróa okkur áfram.
5. Úthlutun úr endurmenntunarsjóði.	Svar hefur borist frá endurmenntunarsjóði og hlaut skólinn styrk að upphæð 400.000 kr. til að þróa stærðfræðikennslu á yngsta stigi og endurskoða og innleiða á nýja skólanámskrá. Sótt var um fleiri styrki en þar eiga eftir að berast svör.
6. Önnur mál.	Stefnt er að því að senda 5-6 kennara á námskeið í Speglaðri kennslu sem fram fer í Keili 22. apríl. Búið er til söfnunarsvæði, skýið, þar sem við borgum aðgang til að vera með. Ætlum að fylgjast með þessu og kynna okkur. Taka þarf bráðlega ákvörðun varðandi tölvumál skólans. Selma var með ýmsar fyrirspurnir :

Álfhólsskóli

<p>Vorhátíðin hvort skipulagið eigi að vera það sama og var í fyrra. Ákveðið var að athuga það mál aðeins betur og þá sérstaklega skipulagið og hverjir eigi að standa að hátíðinni</p> <p>Fræðslufundur fyrir foreldra barna í 5. og 8. bekk. Stefnt að því að hafa námsefniskynningu um leið og hafa þessa fundi strax í lok ágúst eða byrjun september.</p> <p>Athuga með að taka upp námskeið og námsefniskynningu að kvöldi fyrir foreldra 6 ára barna eins og var áður.</p> <p>Grænfánaverkefni. Selma spurðist fyrir um stöðuna á því. Verið er að vinna í skólanum eftir hugmyndafræðinni. Skólinn er að flokka og nota umhverfisvæn efni og ýmislegt annað en það þyrfti að vera meiri gangur í verkefninu sjálfu.</p> <p>Vinaleiðaverkefni. 10. bekkur er Hjalla megin að labba úti í frímínútum, skipuleggur leiki og fylgist með því sem fram fer.</p> <p>Heilsudagar verða dagana 23. – 24. apríl en þar er hugmyndin að kenna og fara í ýmsa leiki með börnunum.</p> <p>Heimasíðan aðgangur að fræðslu og upplýsingar um einelti hefur gjörbreyst og er mun aðgengilegra.</p> <p>Fréttabréf skólans tókst mjög vel og var það borið út í öll hús í hverfinu en 9. bekkur sá um útburð og fær greitt í söfnunarsjóð.</p> <p>Næsti fundur verður miðvikudaginn 8. maí.</p>
--